

Heiti áfanga: ÍSLE3CZ05

Titill: Húslestur og hannyrðir

Prep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi í íslensku

Undanfari: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10

Stutt lýsing á áfanganum:

Í áfanganum lesa nemendur íslensk bókmenntaverk sem tengjast kvennamenningu og hannyrðum. Nemendur vinna handavinnu (þrjón eða hekl) meðfram lestri og setja sér markmið þar að lútandi. Þau öðlast vitneskju um handverk í sögu lands og þjóðar og hvernig handverkið hefur þróast frá því að vera heimilisiðnaður yfir í að vera kostnaðarsamt áhugamál. Ennfremur verða hugtökin sjálfbærni og vistrýni undirliggjandi. Nemendur verða kynntir fyrir hinni glötuðu menningu baðstofunnar með húslestrum og handavinnu.

Námsmat:

Í áfanganum verður lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur skila verkefnum bæði einstaklings og unnin í hópum, tengd handverki og bókmenntum. Munnlegar kynningar og ritgerðir. Ekkert lokapróf.

Heiti áfanga: ÍSLE2BB05

Titill: Goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð

Prep: 2. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er annar kjarnaáfangi öllum brautum. Undanfari fyrir flesta valáfanga í íslensku.

Undanfari: ÍSLE2AA05

Stutt lýsing á áfanganum: Viðfangsefni áfangans er umfjöllun um mál og málnotkun frá ýmsum hliðum og íslenskur menningararfur. Norrænar goðsagnir eru lesnar sem og nútímabókmenntir, bundið mál og laust mál. Nemendur eru þjálfaðir í ritgerðarsmíð og bókmenntagreiningu. Stefnt er að því að auka orðaforða og þjálfa talað og ritað mál. Lesin er ein skáldsaga.

Nokkur lykilhugtök áfangans : Bókmenntagreining, lesskilningur, íslenskur menningararfur, goðafræði, málsaga, ritgerðarsmíð.

Námsmat: Ritgerð, verkefni og lokapróf.

Heiti áfanga: ÍSLE2AB10

Titill: Lestur, ritun, goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð

Prep: 2. þrep

Staða áfanga: Hraðferð þar sem farið er yfir efni fyrstu tveggja kjarnaáfanga í íslensku, ÍSLE2AA05 og ÍSLE2BB05. Undanfari fyrir flesta valáfanga í íslensku.

Undanfari: Íslenska úr grunnskóla með A eða B+

Stutt lýsing á áfanganum:

Ýmis grunnatriði kennd í sambandi við bókmenntalestur, stafsetningu, ritun og munnlega tjáningu. Nemendur þjálfaðir í umræðum um bókmenntir og aðra texta. Lesin að minnsta kosti ein skáldsaga.

Viðfangsefni áfangans er umfjöllun um mál og málnotkun frá ýmsum hliðum og íslenskur menningararfur. Norrænar goðsagnir eru lesnar sem og nútímabókmenntir, bundið mál og laust mál. Nemendur eru þjálfaðir í ritgerðarsmíð og bókmenntagreiningu. Stefnt er að því að auka orðaforða og þjálfa talað og ritað mál. Lesin er ein skáldsaga.

Nokkur lykilhugtök áfangans : Bókmenntagreining, lesskilningur, ritun, stafsetning, íslenskur menningararfur, goðafræði, málsaga, ritgerðarsmíð.

Námsmat: Ritgerðir, verkefni og lokapróf.

Heiti áfanga: ÍSLE3CC05/CH05

Titill: Fornbókmenntir

Prep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er þriðji kjarnaáfangi öllum brautum.

Undanfari: ÍSLE2BB05 eða ÍSLE2AB10

Stutt lýsing á áfanganum:

Viðfangsefni áfangans er íslensk bókmenntasaga frá upphafi til 1550. Lesin er bókmenntasaga og brot úr fornum kveðskap og annars konar textum. *Brennu-Njáls saga* er lesin í heild. Markmiðið er að kynnast hugmyndaheimi norrænna manna og íslenskum menningararfi. Notkun heimilda og úrvinnsla þeirra í ritgerðarskrifum.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Eddukvæði, *Brennu-Njáls saga*, íslenskt mál á ólíkum tímum, heimildavinna, ritgerðarsmíð

Námsmat: Ritgerð, verkefni og lokapróf.

Heiti áfanga: ÍSLE3DD05

Titill: Frá siðbreytingu til 20. aldar

Prep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er fjórði kjarnaáfangi öllum brautum.

Undanfari: ÍSLE3CC05 eða ÍSLE3CH05

Stutt lýsing á áfanganum:

Viðfangsefni áfangans er íslensk bókmenntasaga frá siðbreytingu til 20. aldar. Lesin er bókmenntasaga tímabilsins, kveðskapur og sögur frá tímabilinu. *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness er lesin. Markmiðið er að kynnast menningarheimi þessa tímabils. Einnig er farið í leikhús og leitast við að sjá leiksýningu sem tengist tímabilinu.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Straumar og stefnur í menningar- og bókmenntasögu tímabilsins, bókmenntagreining, ritgerðarsmíð

Námsmat: Ritgerð, verkefni og lokapróf.

Heiti áfanga: ÍSLE3EE

Titill: Frá nýrómantík til samtímans

Prep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er lokaáfangi í íslensku í kjarna allra brauta.

Undanfari: ÍSLE3DD05

Stutt lýsing á áfanganum:

Viðfangsefni áfangans er íslenskar bókmenntir frá 1900 til okkar dags. Lesin eru ljóð, sögur og ýmsir textar frá tímabilinu og sett í bókmenntasögulegt samhengi. Ein nýleg skáldsaga er lesin og unnið er með hana með markvissum hætti. Skrifuð er ritgerð um nýja ljóðabók. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Einnig er farið í leikhús og leitast við að sjá leiksýningu sem tengist tímabilinu.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Nýrómantík, félagslegt raunsæi, móðernismi, nýraunsæi, póstmóðernismi, textagreining, bókmenntir og samfélag, sjálfstæð vinnubrögð, ritgerðarsmið

Námsmat: Ritgerð, verkefni, próf.